

243. fundur Skólanefndar FS

10. október 2000



Mættir: Kristbjörn Albertsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Stefanía Ólafsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúinn Ívar Valbergsson, Jón Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Skipan skólanefndar – kjör formanns og varaformanns.
 2. Byggingarmál.
 3. Önnur mál.

1. Skipan skólanefndar – kjör formanns og varaformanns.

Formaður og varaformaður skólanefndar kosnir. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður nefndarinnar og Guðbjörg Ingimundardóttir verðir varaformaður. Samþykkt samhljóða.


2. Byggingarmál.

Skólameistari og fjármálastjóri sögðu frá undirbúningi vegna viðbyggingar. Rætt um viðbyggingu, m.a. um húsnæðisþörf, skipulagningu, breytingar á eldra húsnæði o.fl. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með þá vinnu sem farið hefur fram við undirbúning viðbyggingar og leggur áherslu á að haldið verði áfram með þessa vinnu af fullum krafti.

3. Önnur mál.

- a) Spurt um breytingar á samræmdum prófum grunnskóla og áhrif þeirra á inntöku nemenda í skólann. Skólameistari sagði frá inntökuskilyrðum og kynningu á þeim í grunnskólum. Almennt rætt um kynningu á skólanum.
- b) Spurt um kjarabaráttu kennara og fyrirsjáanleg áhrif hennar á starfsemi skólans. Ekki verður gripið til neinna ráðstafana fyrr en nauðsyn krefur. Skólanefnd lýsir áhyggjum sínum vegna stöðu mála og hvetur aðila málsins til að finna farsæla lausn og tryggja skólastarf til framtíðar.
- c) Fjármálastjóri lýsti stöðu mála varðandi fjárhag skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjörnsson,
fundarritari